

## FUNDARGERÐ

249. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 14. desember og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Diljá Ámundadóttir, Mördur Áslaugarson, Práinn Óskarsson, Sigurður Helgi Birgisson, Jón Ólafsson, Aron Ólafsson og Nanna Kristín Tryggvadóttir sem sat fundinn í gegnum fjárfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð

Fundargerð 248. stjórnarfundar var borinn upp og var samþykkt.

### 2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti lokadrög af rekstraráætlun og fjárfestingaráætlun RÚV fyrir árið 2023. Rekstraráætlunin hafi tekið nokkrum breytingum frá drögunum sem kynnt voru stjórn 30. nóvember sl.

Þjónustutekjur RÚV fyrir árið 2023 komi fram fylgiriti við fyrstu drög af fjárlagafrumvarpinu. Ósamræmi sé hins vegar á milli fjárlagafrumvarpsins og fylgiritisins en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sé hækkun á útvarpsgjaldi 7,7% og tekjur samkvæmt greiðslugrunni séu lægri. Þetta ósamræmi veldur einnig óvissu um fjárhæð þjónustutekna og munar um 335 m.kr.

Áætluð rekstrargjöld hækka um 78 m.kr. frá fyrri kynningu rekstraráætlunarinnar en sú hækkun sé að stærstum hluta vegna uppfærðar launaáætlunar eftir kjarasamninga sem gerðir voru í byrjun desember. Eftir að þessar breytingar liggi fyrir að endar ná ekki saman og RÚV þarf 238 m.kr. til viðbótar til þess að ná að loka áætluninni þrátt fyrir að búið sé að skera niður rekstrarkostnað, t.d. með því að draga úr dýru sjónvarpsefni og fækka þáttaröðum.

Stjórn samþykkti einróma rekstraráætlunina með eftirfarandi bókun:

„Stjórn samþykkir rekstraráætlun og fjárfestingaráætlun fyrir árið 2023 í trausti þess að endanleg upphæð þjónustutekna RÚV verði í samræmi við útreiknað útvarpsgjald og 7,7% verðlagshækkun, eins og ráð er fyrir gert í bandormsfrumvarpi sem nú er til meðferðar á Alþingi.“


Fjárfestingaráætlun var lögð fram til samþykktar og er óbreytt frá síðasta fundi og var samþykkt.

### 3. Önnur mál

Stjórnarmaður vakti athygli á því að huga þyrfti vel að efnistöfum þegar um væri að ræða efni fyrir börn, og nefndi sérstaklega í því samhengi jóladagatal sjónvarpsins þar sem fjallað væri um viðkvæm og pólitísk mál.

Næsti fundur verði haldinn 25. janúar 2023.

Fundi slitið.

  
Silja Dögg Gunnarsdóttir  
Aron Ólafsson  
Práinn Óskarsson  
Nanna Kristín Tryggvadóttir  
Jón Ólafsson  
Margrét Tryggvadóttir  
Sigurður Helgi Birgisson  
Diljá Ámundadóttir